



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

stjornarradid.is

Fjarðabyggð b.t. bæjarstjórnar
Hafnargötu 2
730 Fjarðarbyggð

Reykjavík 13. október 2023
Tilv.: IRN23010113/4.11.1

Efni: Ársreikningur 2022

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2022. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2022 uppfyllir sveitarfélagið ekki öll lágmarksviðmið eftirlitsnefndar vegna rekstrar fyrir A-hluta samkvæmt neðangreindri töflu. Viðmiðin byggja á lágmarkskröfu til að standast jafnvægis- og skuldareglu sveitarfélaga.

Lágmarksviðmið			Fjarðabyggð			
Skuldahlutfall - nettó skuldir sem hlutfall af tekjum	50%	100%	133%	150%	200%	250%
Framlegð sem hlutfall af tekjum	5,0%	10,0%	13,3%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstæða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	2,5%	5,0%	6,7%	7,5%	10,0%	12,5%

Í töflunni fyrir neðan má sjá rekstrarniðurstöðu, framlegð og veltufé frá rekstri fyrir sveitarfélagið samkvæmt ársreikningi 2022, ásamt lágmarksviðmiði EFS miðað við nettó skuldir í hlutfalli við tekjur.

A-hluti	Nettó skuldir í hlutfalli við tekjur	Rekstrarniðurstæða	Framlegð		Veltufé frá rekstri	
Sveitarfélag	Skv. ársr. 2022	Skv. ársr. 2022	Lágmarks- viðmið	Skv. ársr. 2022	Lágmarks- viðmið	Skv. ársr. 2022
Fjarðabyggð	133%	-5%	13%	5%	7%	7%

Þrátt fyrir bráðbirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem sveitarstjórn er heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025 vill EFS benda sveitarstjórn á að árið 2026 þarf að uppfylla framangreind skilyrði.

Eftirlitsnefndin leggur áherslu á það við sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að fara vel yfir fjárhagslegar forsendur sveitarfélagsins til að ná framangreindum lágmarksviðmiðum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024. Mikilvægt er að gerð verði útkomuspá fyrir árið 2023 sem grunnforsenda fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 og skilað til EFS þegar spáin liggur fyrir. Sveitarstjórn er jafnframt hvött til að hafa samband við eftirlitsnefnd óski hún eftir upplýsingum eða leiðbeiningum.

Eftirlitsnefndin óskar eftir að bréfið verði lagt fyrir í sveitarstjórn til afgreiðslu.

Fyrir hönd Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Þórir Ólafsson
formaður

Gústav Aron Gústavsson